

Alþingi  
Erindi nr. P 128/77  
komudagur 18.11.2002

**BATA-  
SMÍÐJA  
GUÐMUNDAR**

EYRARTRÖÐ 13 • POSTHÓLF 82  
222 HAFNARFJÖRÐUR • ISLAND  
SÍMI: 565 1088 • FAX 565 2019

**Bátasmiðja Guðmundar ehf  
Eyrartröð 13  
220 Hafnarfjörður**

Umsögn um frumvarp til laga um skipamælingar. No 158

Mín umsögn er einfaldlega sú að ég er sammála þessari nýju reglugerð og er fullkomlega sáttur við hana.

Virðingafyllst

Óskar Guðmundsson



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9939 - Fax 562 9934

*Alþingi*

*Erindi nr. P 128/128  
komudagur 21.11.2002*

Reykjavík 18. nóvember 2002.

Nefndsvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Austurstæti 8-10  
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um skipamælingar.

Farmanna og fiskimannasamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. FFSÍ

  
Arni Bjarnason



Nefndasvið Alþingis,  
v/sjávarútvegsnefndar,  
Austurstræti 8-10.  
150 Reykjavík.

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík 18. nóvember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipamælingar – 158. mál.

Við höfum mótttekið bréf dags. 30. október 2002 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um um skipamælingar, 158. mál.

Við viljum gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. og 2. mgr. 2. greinar. Að mati okkar er algerlega óþarft og tilhæfulaust að beita mismunandi mælireglum eftir lengd skips. Samtökin leggja því ríka áherslu á að ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa sem undirrituð var í London 23. júní 1969 verði látin gilda fyrir öll íslensk skip, óháð lengd. Ísland er skuldbundið til að fylgja alþjóðasamþykktinni fyrir skip 24 metra og lengri. Það er á hinn bóginn ekkert sem mælir gegn því að sama mæliaðferð sé notuð fyrir öll skip. Í dag er þeirri mæliaðferð t.a.m. beitt við mælingu skipa 15 metra og lengri.
2. 3. mgr. 2. greinar. *“Heimilt er að mæla hvert skip og reikna brúttórúmlestatölu þess samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa, gefnum út af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er fyrir í samningi, undirrituðum í Ósló 10. júní 1947, með síðari breytingum, eftir nánari reglum sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð”.*

Samtökin leggja til að þetta heimildarákvæði verði fellt út úr lagatextanum. Ef ekki er fallist á það leggja samtökin til að málsgreinin orðist þannig:  
*“Heimilt er samgönguráðherra krefjast þess að brúttórúmlestatöla hvers skips sé reiknuð samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa, gefnum út af*

*Djóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er fyrir í samningi, undirrituðum í Ósló 10. júní 1947, með síðari breytingum, enda verði mælingin framkvæmd og reiknuð, útgerðinni að kostnaðarlausu”.*

Í athugasemdum við 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er talað um ástæður þess að lagt er til að halda heimild til að krefjast mælinga skv. “Oslóarsamþykktinni”. Það stendur einfaldlega upp á stjórnvöld að leggja til hvaða brúttótonnatala á að koma í stað brúttórúmlestatölu þar sem það kann að eiga við og því er engin þörf á að þvinga útgerðir til að mæla skip sín bæði eftir “Oslóarsamþykktinni” og “Lundúnasamþykktinni”. Rétt er að geta þess að um sinn verða útgerðir væntanlega að mæla skip eftir báðum aðferðunum vegna ákvæða kjarasamninga þar sem vísað er til brúttórúmlesta en verði því breytt verður engin þörf til staðar.

3. 6. grein. *“Þegar skip er skráð á íslenska skipaskrá ber eiganda þess að senda Siglingastofnun Íslands útreikninga á tonnatölum þess og teikningar og önnur nauðsynleg gögn til þess að ákveða mælingu þess. Heimilt er að taka útreikninga og mælingar sem samþykktar hafa verið af erlendu ríki gildar ef það ríki er aðili að alþjóðasamþykkt um mælingar skipa frá 1969”.*

Við leggjum til að í stað orðsins “Heimilt” er, osv. frv. komi orðið “Skylt” er að taka útreikninga og mælingar sem samþykktar hafa verið af erlendu ríki gildar ef það ríki er aðili að alþjóðasamþykkt um mælingar skipa frá 1969 ef ekki liggja fyrir rökstuddar ástæður til að efast um trúverðugleika framlagðra gagna.

4. 7. grein. *“Siglingastofnun Íslands getur hvenær sem ástæða þykir til endurskoðað mælingu skipa. Einnig geta eigendur skipa fengið skip sín mæld að nýju óski þeir þess”. Við leggjum til að heimild til Siglingastofnunar til að endurskoða mælingu skipa, takmarkist við það að fyrir liggja rökstudd ástæða til endurskoðunar. Að öðrum kosti verði endurskoðunin framkvæmd á kostnað stofnunarinnar.*

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 128/129  
komudagur 21.11.2002

LANDSSAMBAND  
smábátæigenda



20. nóvember 2002

Htv. samgöngunefnd Alþingis  
Guðmundur Hallvarðsson formaður

Efni: Umsögn um mál nr. 158, frumvarp til laga um skipamælingar.

Í 2. mgr. 2. gr. er kveðið á um að „hvert skip með skráningarlengd allt að 24 metrum skal mælt og tonnatala þess reiknuð samkvæmt reglum sem ráðherra setur að tillögum Siglingastofnunar Íslands“. Landssamband smábátæigenda (LS) telur að þær mælingareglur sem nú gilda um smábáta séu ásættanlegar.

Þar sem ekki er fjallað sérstaklega um mælingareglur smábáta í þessu frumvarpi, sér undirritaður ekki ástæðu til að tjá sig frekar um efni þess.

Virðingarfyllt

fh. Landssambands smábátæigenda

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Örn Pálsson'.

Örn Pálsson framkvæmdastjóri



**SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA**

**ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION**

Alþingi

Erindi nr. P 128/127

komudagur 21.11.2002

Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2002.

**FRUMVARP TIL LAGA UM SKIPAMÆLINGAR, 158. MÁL  
UMSÖGN SAMBANDS ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA.**

Samband íslenskra kaupskipaútgerða, SÍK, þakkar bréf samgöngunefndar Alþingis dags 30. október s.l. þar sem óskað er umsagnar SÍK um ofangreint frumvarp til laga um skipamælingar.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða telur eðlilegt að Siglingastofnun Íslands hafi lagaheimildir til að krefjast endurskoðnar á mælingu íslenskra skipa eða erlendra skipa, sem hingað eru keypt og sem skrá skal á íslenskra skipaskrá. Hins vegar verður að gera þá kröfu að í sömu lögum sé að finn á ákvæði um að slík krafa Siglingastofnunar Íslands skuli rökstudd og að eiganda skips sé veittur hæfilegur frestur til að verða við slíkri kröfu.

Að öðru leyti gerir Samband íslenskra kaupskipaútgerða ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst  
Samband íslenskra kaupskipaútgerða

Olafur J. Briem

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/76*  
*komudagur 18.11.2002*



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.11.02

**Umsögn um þskj. 158 - frumvarp til laga um skipamælingar**

Samtök iðnaðarins og Máimur, samtök fyrirtækja í máim- og skipaiðnaði, hafa kynnt sér ofangreint frumvarp og gera ekki athugasemd við lögfestingu þess.

Virðingartyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ingólfur Sværriðsson'. The signature is fluid and cursive, with a horizontal line extending to the right from the end of the name.

Ingólfur Sværriðsson



SIGLINGASTOFNUN

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/25*  
*komudagur 5.11.2002*

Alþingi  
Ágúst Geir Ágústsson  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík


Kópavogi, 01.11.2002  
Tilv. 334/2001 - 023  
HG/hj

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipamælingar.**

Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis dags. 30. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Siglingastofnunar um ofanefnt frumvarp.


Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Siglingastofnun Íslands og fékk stofnunin þannig tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við undirbúning málsins. Því eru ekki taldar ástæður til að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,  
f.h. Siglingastofnunar Íslands,

  
Hermann Guðjónsson,  
forstjóri

  
Helgi Jóhannesson,  
forstöðumaður lögfræðisviðs





# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/278*  
*komudagur 27.11.2002*

Reykjavík 25. nóvember 2002.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipamælingar, 158. mál.**

Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson

Alþingi  
Erindi nr. P 128/101  
komudagur 19.11. 2002



## Stýrimannaskólinn í Reykjavík

The College of Navigation -- Navigationskolen

SKÓLAMEISTARI - PRINCIPAL - REKTOR

Sími: 551-3046 - Telephone: Int. + 551-3046 - Telefax 562-2750

e-mail: gudarm@ismennt.is

Sjómannaskólinn v/Háteigsveg

ÍSLAND - ICELAND


Reykjavík, 18. nóv. 2002

Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frv. til laga um skipamælingar, 158. mál.**


Ég undirritaður hefi engar athugasemdir við þetta frumvarp, nema hvort ekki sé rétt að taka fram í 2. grein, að Lundúnasamþykktin, sem undirrituð var í London 23. júní 1969 tók gildi 18. júlí 1982. Það var því brýnt að löggilda þessa samþykkt hér á landi. Ég er mjög svo sammála því sem segir í greinargerð við 2. gr. að áfram verði heimilt með tilliti til atvinnuréttinda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna að mæla skip í brúttórúmllestum, en kennsla og kennslumagn í Stýrimannaskólanum í Reykjavík til mismunandi réttinda miðast við þessar stærðir.

Virðingarfyllst,



Guðjón Ármann Eyjólfsson  
skólameistari





**Vélaskóli Íslands**

Sjómannaskólanum v/Háteigsveg, 105 Reykjavík. S.: 551 9755 heimasíða: vsi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 128/104  
komudagur 18.11.2002

Skólameistari


Reykjavík, 13. nóvember 2002

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um skipamælingar.**

Vélaskóli Íslands gerir engar athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,

  
Björgvin Þór Jóhannsson  
skólameistari



Alþingi  
Erindi nr. P 128/247  
komudagur 21.11.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,  
samgöngunefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. nóvember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipamælingar, 158. mál.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun stjórnvalda að taka upp skipamælingar, í samræmi við alþjóðasamþykkt um mælingu skipa, sem undirrituð var í Lundúnum 23. júní 1969, svokallaða brúttótonna mælingu í stað brúttórúmlesta mælingar verður að breyta eða nema úr gildi gildandi lög um skipamælingar nr. 50 frá 1970.

Í frumvarpinu er engu að síður gert ráð fyrir því að brúttórúmlesta mælingunni verði viðhaldið enn um sinn vegna skipa styttri en 24 metrar og að samgönguráðherra setji um það reglur í framhaldi af tillögum Siglingastofnunar Íslands þar um.

Æskilegast hefði verið að vera aðeins með aðra hvora mæliaðferðina en þar sem í einhverjum lögum er enn m.v. brúttórúmlestir er ekki mögulegt að nema hana nú úr gildi. Að mati Vélstjórafélag Íslands er hér um eðlilegar breytingar að ræða.

Virðingarfyllst  
f.h. Vélstjórafélags Íslands

  
-----  
Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!